

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Arnstapa.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 24. september 2020 breytingu á deiliskipulagi Arnstapa. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skipulagssvæðið er fært upp að girðingu sem afmarkar það svæði sem er í landbúnaðarnotkun og fjölgar lóðum um tvær, úr tíu í tólf og stækkar deiliskipulagssvæðið úr 10,9 ha í 12,1 ha.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugum, 2. mars 2021.

F.h. Þingeyjarsveitar,

Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2021